

**Nd.**

**472. Nefndarálit**

**[24. mál]**

um frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

**72,5% fram úr áætlun.**

Lánsfjárlög fyrir árið 1986 voru afgreidd samhliða fjárlögum á síðasta þingi. Í lögum var gert ráð fyrir erlendum og innlendum lántökum sem hér segir:

	<b>Áætlun</b>	<b>Horfur</b>
Erlend lántaka .....	3240	5590
Innlend lántaka .....	3575	3575

Það eru því allar líkur til þess samkvæmt nýjustu tölum embættismanna fjármálaráðherra að erlendar lántökur fari á árinu 72,5% fram úr lánsfjárlögum þessa árs.

Nú er enn gert ráð fyrir því skv. 1. gr. þessa frumvarps að fjármálaráðherra fái heimild til þess að taka erlend lán allt að 1700 millj. kr. Með því móti aukast erlendar lántökur alls um nærri 2000 millj. kr. umfram afborganir. Auðvelt ætti hins vegar að vera að draga úr erlendum lántökum og hér er bent á leiðir til þess að fella algjörlega niður erlendar lántökur ríkisins á næsta ári:

Erlend lán til flugstöðvarbyggingarinnar nema alls 500 millj. kr., erlend lán til Próunarfélagsins nema um 100 millj. kr., til Landsvirkjunar um 400 millj. kr., auk þess sem taka á erlent lán til rekstrar ríkissjóðs. Þetta eru stærstu liðirnir. Hluta af þessari lánsfjárförf má leysa með því að knýja bankana til aukinna lána til verkefna á vegum ríkisins. Hluta má leysa með því að spara í útgjöldum til yfirstjórnar ríkisins, hluta má spara með því að hækka beina skatta á fyrirtæki og stóreignamenn. Hefur Alþýðubandalagið sýnt fram á leiðir til þess að auka þannig svigrúm ríkissjóðs um milljarða króna við umræður um skattalög síðustu dagana á Alþingi.

Ljóst er hins vegar að ríkisstjórnarliðið hafnar öllum breytingartillögum og því er tilgangslaust að flytja breytingartillögur við þetta frumvarp umfram það sem þegar hefur verið gert. Mun undirritaður greiða atkvæði gegn skerðingarákvæðum á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, Atvinnuleysistryggingasjóði og Framkvæmdasjóði fatlaðra en ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu um frumvarp þetta að öðru leyti. Margt bendir líka til þess að frumvarpið í heild sé markleysa, sbr. það sem áður kemur fram um hækkun erlendra lána á þessu ári um 72,5%.

#### **42 milljónir í skerðingu á Atvinnuleysistryggingasjóði.**

Samkvæmt lánsfjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir því að skerða Atvinnuleysistryggingasjóð um 42 milljónir króna. Það hefur aldrei áður verið gert og hefur undirritaður mótmælt þessari skerðingu harðlega. Á fund nefndarinnar kom Pétur Sigurðsson fyrir hönd Atvinnuleysistryggingasjóðs og forseti Alþýðusambandsins gerði þetta mál sérstaklega að umtalsefni. Mótmætlu þeir báðir skerðingu á framlögum til sjóðsins. Í greinargerð, sem nefndinni barst frá sjóðnum, segir meðal annars:

„Tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs, auk vaxta, eru þessar:

1. Iðgjöld atvinnurekenda.
2. Framlag frá sveitarfélögum.
3. Framlag úr ríkissjóði.

Iðgjald atvinnurekenda er ákveðið 1% af vikukaupi fyrir dagvinnu við störf í almennri fiskvinnu samkvæmt kjarasamningi, lægsta starfsaldursþrepi. Sveitarsjóðir greiða fjárhæð sem er jöfn heildariðgjöldum atvinnurekenda en ríkissjóður tvöfaldar þá fjárhæð.

Í áætlun fyrir árið 1987, sem Atvinnuleysistryggingasjóður skilaði ráðuneytinu hinn 26. maí s.l., eru iðgjöld atvinnurekenda árið 1987 áætluð 156 686 þús. kr., framlag sveitarfélaga hið sama og framlag ríkissjóðs því 313 372 þús. kr. Innheimtumenn skila iðgjaldi atvinnurekenda til ríkissjóðs sem færir þau sér til tekna og skilar sjóðnum þeim ásamt sínu framlagi undir heitinu „framlag ríkissjóðs“. Samkvæmt framansögðu var þessi liður fyrir árið 1987 í áætlun sjóðsins 156 686 þús. kr., auk 313 372 þús. kr., eða samtals 470 058 þús. kr.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er framlag ríkissjóðs, þ.e. iðgjald atvinnurekenda og eiginlegt framlag ríkissjóðs, áætlað 427 788 þús. kr. eða 42 270 þús. kr. lægra en í fjárlagaáætlun sjóðsins. Til samræmis við þessa lækkingu er áætlað framlag sveitarfélaga lækkað úr 156 686 þús. kr. í 142 600 þús. kr. eða um 14 086 þús. kr.

Vikuiðgjald atvinnurekenda til sjóðsins árið 1987 mun hækka nokkuð frá því sem áætlað var í maí s.l. Vinna hefur verið með mesta móti árið 1986 og er því ekki ástæða til þess að ætla að iðgjöld atvinnurekenda verði lægri en áætlað var í maí s.l. Áætlunartala í fjárlögum hefur ekki áhrif á þá niðurstöðu að óbreyttum lögum og framlag sveitarfélaga verður sjálfkrafa hið sama og iðgjöld atvinnurekenda.

Framlag ríkissjóðs mundi samkvæmt fjárlagafrumvarpinu verða mismunur 427 788 þús. króna og heildariðgjalda atvinnurekenda eins og þau verða samkvæmt álagningu á árinu 1987 og því ekki fyrirséð hvað það verður. Miðað við áður nefnda fjárlagaáætlun sjóðsins mundi framlag ríkissjóðs lækka um 42 270 þús. kr. og raska þar með hlutfalli milli þeirra aðila sem leggja fram fé til sjóðsins frá því sem lög um sjóðinn hafa ákveðið frá stofnun hans.

Í þessu sambandi er bent á að um árábil hefur sjóðnum verið gert að leggja fram fé til eftirlauna aldraðra sem er áætlað árið 1987 að verði um 200 millj. kr., svo og að greiða rekstrarkostnað kjararannsóknarnefndar sem gera má ráð fyrir að verði ekki minna en 7–8 millj. kr. næsta ár.

Er þess því vænst að tillaga í fjárlagafrumvarpi um lækkun á framlagi ríkissjóðs til Atvinnuleysistryggingasjóðs verði endurskoðuð og breytt til samræmis við það sem lög um atvinnuleysistryggingar ákveða.“

#### Ferðamálasjóður.

Skerðingin á Ferðamálasjóði er einnig tilfinnanleg auk þess sem frumvarpsgreinin um hann er óljós. Um þetta segir í álitserð Ferðamálaráðs Íslands:

- „1. Með setningu laga um ferðamál árið 1976 var ákveðið að fjármagna starfsemi Ferðamálaráðs með því að Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli skyldi greiða ráðinu 10% af söluverðmæti. Til þess að hagnaður ríkissjóðs yrði ekki minni en ella vegna þessa lagaákvæðis var útsöluverð á áfengi og tóbaki um leið hækkað um sama hundraðshluta.
2. Við þetta lagaákvæði hefur aldrei verið staðið. Svonefnd lánsfjárlög hafa verið notuð til að skerða þennan lögbundna tekjustofn Ferðamálaráðs þó að þau feli nánast eingöngu í sér ákvæði um skerðingu á framlagi ríkissjóðs til ýmissa sjóða. Svo virðist því sem frá upphafi hafi verið blandað saman þeim tilgangi að skerða árlegt og óafturkræft framlag ríkissjóðs til Ferðamálasjóðs og nauðsynlegum rekstrartekjum Ferðamálaráðs af sölu Fríhafnarinnar.
3. Á yfirstandandi ári fékk Ferðamálaráð 15 millj. kr. í sinn hlut af fé því sem hér um ræðir. Nú er áætlað að söluverðmæti Fríhafnarinnar verði 500 millj. kr. á þessu ári. Það þýðir að tekjur Ferðamálaráðs verða skertar um 70%.
4. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er gert ráð fyrir að Ferðamálaráð fái sömu upphæð og í ár, þ.e. 15 millj. kr. Söluverðmæti Fríhafnarinnar er áætlað 462 millj. kr. sem vitaskuld er óraunhæft miðað við áætlaðar tekjur í ár. Því má ætla að skerðing tekna Ferðamálaráðs sé áætluð enn meiri á árinu 1987 en í ár. Stór hluti kostnaðar við starfsemi ráðsins er í erlendum gjaldeyri og gefur því auga leið hvert stefnir.
5. Til þess að Ferðamálaráð geti staðið við skuldbindingar sínar á árinu 1987 og sinnt nauðsynlegustu verkefnum þarf það að hafa til ráðstöfunar fjármagn til eftirtalinna verkefna (í þús. kr.):

Rekstur aðalskrifstofu í Reykjavík .....	6200
Rekstur skrifstofu í New York .....	4500
Rekstur skrifstofu í Frankfurt (56%) .....	4000
Þátttaka í samnorrænu söluátaki í Þýskalandi .....	1000
Prentun á nýjum landkynningarbæklingi .....	5000
Auglýsingar á ferðum Íslendinga um eigið land .....	1000
Þátttaka í útgáfu sölubæklinga um Íslandsferðir .....	1000
Heimsóknir erlendra söluaðila og fréttamanna .....	500
Þátttaka í ferðakaupstefnum erlendis .....	800
Þátttaka í rekstri Upplýsingamiðstöðvar (REK) .....	3500
Útgáfa „Practical Information ’87“ .....	500
Þátttaka í NT og ETC .....	500
Til uppbyggingar og endurbóta á fjölförnum ferðamannastöðum innanlands .....	10 000
Annað og ófyrirséð .....	500
Samtals	39 000

Þó að ofangreind fjárhæð væri til ráðstöfunar má áætla að tekjuskerðing Ferðamálaráðs yrði yfir 20 millj. kr. 1987.“

#### **Engin lán vegna aðbúnaðar á vinnustöðum.**

Samkvæmt lögnum um vinnuvernd er gert ráð fyrir lánveitingum til að bæta aðbúnað á vinnustöðum. Í forsendum frv. er ekki gert ráð fyrir neinum lánveitingum í þessu skyni. Um þetta segir í greinargerð Vinnueftirlits ríkisins:

„Á fundi stjórnar Vinnueftirlits ríkisins þann 26. júní s.l. var fjallað um lánveitingar skv. 4. tölul. bráðabirgðaákvæða laga nr. 46/1980. Slík lán hafa nú verið veitt í fimm ár eins og löggin gera ráð fyrir, en upphæð sú sem til ráðstöfunar hefur verið á ári hverju er mun lægri en löggin kveða á um.

Samkvæmt lögnum hefðu á tímabilinu átt að vera til ráðstöfunar í þessu skyni 380 millj. kr. miðað við byggingarvísitölu 1. apríl s.l., en í lögnum er sérstaklega kveðið á um að upphæð ráðstöfunarfjárins skuli fylgja henni. Til ráðstöfunar hafa hins vegar verið um 117 millj. kr. á sama verðlagi og vantar því 263 millj. kr. upp á það heildarfjármagn sem löggin kváðu á um.

Það er mat stjórnarinnar að þörf sé enn um sinn á sérstöku lánsfé í því skyni til að bæta aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Nýverið hafa verið settar reglur um hávaðavarnir á vinnustöðum þar sem gerðar eru kröfur um kostnaðarsamar úrbætur og vaxandi kröfur eru nú gerðar um sérstaka loftræstingu og fleiri kostnaðarsamar aðgerðir vegna notkunar varhugaverðra efna á vinnustöðum.

Meðfylgjandi er minnisblað með upplýsingum um lánveitingarnar. Takmörkuð kynning hefur farið fram á lánveitingunum fram til þessa og hefur það dregið úr aðsókn. Um er að ræða erlend lán með almennum vaxtakjörum.

Stjórn Vinnueftirlits ríkisins fer þess á leit við félagsmálaráðherra að hann beiti sér fyrir því að ofangreindum lánveitingum verði haldið áfram næstu fimm árin þannig að til ráðstöfunar verði um 50 millj. kr. á ári miðað við byggingarvísitölu 1. apríl s.l.

#### *Lánveitingar til fyrirtækja.*

Samkvæmt 4. tölul. bráðabirgðaákvæða laga nr. 46/1980 skal árlega í fimm ár frá gildistöku laganna lána fyrirtækjum, sem þá voru starfandi, fé til þess að bæta starfsumhverfi 500 millj. kr. (gamlar krónur) miðað við verðlag 1. janúar 1979. Færð til verðlags í október 1985 miðað við byggingarvísitölu svarar þessi upphæð til 66 millj. kr.

Í lögnum er gert ráð fyrir að Seðlabankinn annist útvegum fjármagns í þessu skyni, en samkomulag varð um að Framkvæmdastofnun ríkisins tæki að sér það hlutverk og hefur Bygðasjóður annast lánveitinguna. Mat á lánshæfni umsækjenda og eftirlit með því að lánin séu notuð eins og til er ætlast er hins vegar á höndum Vinnueftirlitsins, en endanlegar tillögur um lánveitingar til einstakra fyrirtækja eru gerðar af sérstakri nefnd sem félagsmálaráðherra skipar og í eiga sæti fulltrúar aðila vinnumarkaðarins auk stjórnarformanns og forstjóra Vinnueftirlitsins. Við ákvörðun um tillögur nefndarinnar er notuð einkunnagiöf sem á að sýna mikilvægi framkvæmdar frá vinnuverndarsjónarmiði.

Lánveitingar hófust á árinu 1982 og voru 10 millj. kr. til ráðstöfunar hvort ár sem er verulega lægri upphæð en löggin gerðu ráð fyrir. Lánin eru til fimm ára, gengistrygð í þýskum mörkum.

**Lánveitingar til fyrirtækja eftir landshlutum.**  
(Lánsupphæðir í þús. kr.)

		1982	1983	1984	1985
Höfuðborgarsvæði	umsóknir	11	7	2	4
	veitt lán	7	7	2	4
	lánsupphæð	2 980	3 200	1 200	4 400
Vesturland	umsóknir	1	4	3	3
	veitt lán	1	4	3	3
	lánsupphæð	1 300	1 600	2 050	3 500
Vestfirðir	umsóknir	2	1	1	1
	veitt lán	0	1	1	1
	lánsupphæð	0	700	1 200	500
Norðurland vestra	umsóknir	4	0	6	0
	veitt lán	3	0	5	0
	lánsupphæð	480	0	5 400	0
Norðurland eystra	umsóknir	10	4	6	2
	veitt lán	4	3	4	1
	lánsupphæð	2 815	1 550	1 320	250
Austurland	umsóknir	6	3	1	3
	veitt lán	2	3	0	3
	lánsupphæð	275	1 200	0	1 850
Suðurland	umsóknir	10	6	4	1
	veitt lán	5	5	4	0
	lánsupphæð	728	940	2 250	0
Suðurnes	umsóknir	6	2	3	1
	veitt lán	3	2	2	1
	lánsupphæð	1 430	1 000	1 075	3 500
Samtals	umsóknir	50	27	26	15
	veitt lán	25	28	21	130
	lánsupphæð	<b>10 008</b>	<b>10 190</b>	<b>14 495</b>	<b>14 000</b>

**Lánveitingar til fyrirtækja eftir eðli framkvæmda.**  
(Ath.: Sama fyrirtæki getur verið með fleiri en eina framkvæmd.)

Framkvæmdir:	1982	1983	1984	1985
Endurbætur á vinnuáðstöðu eða aðbúnaði með nýbyggingu	1	7	5	2
Endurbætur á starfsmannaráymi í eldra húsnæði	18	19	12	6
Endurbætur á vinnuáðstöðu í eldra húsnæði	5	8	2	3
Endurbætur á tækjabúnaði með hliðsjón af vinnuvernd	4	1	5	0
Endurbætur á loftræstingu	15	11	10	7
Aðgerðir til að draga úr hávaða	4	2	1	0

**Saumað að sveitarfélögunum.**

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir skerðingu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem nemur alls um 340 millj. kr. Er þar um að ræða sömu skerðingu og á þessu ári svo að nemur um 200 millj. kr., en auk þess er sjóðurinn skorinn niður um 140 millj. kr. Rökin eru þau að sveitarfélögin eigi að taka á sig aukinn skólakostnað!

Um Jöfnunarsjóðinn segir svo í greinargerð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem undirrituð er af Magnúsi E. Guðjónssyni:

„Í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987 er hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í söluskattstekjum ríkisins áætluð 722,5 millj. kr. og hlutdeild sjóðsins í aðflutningsgjaldtekjum (tolltekjum) áætluð 140 millj. kr. eða alls 862,5 millj. kr.

Í fjárlögum þessa árs er hlutdeild sjóðsins í söluskattstekjum áætluð 805 millj. kr., en var lækkuð skv. 23. gr. laga nr. 3 frá 1. mars 1986, um ráðstafanir í ríkisfjármálum o.fl., um 35 millj. kr. eða í 770 millj. kr. og bundin við að greiðslur úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs 1986 skyldu ekki nema hærri fjárhæð. Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í tolltekjum á þessu ári var áætluð 172 millj. kr., en óvíst er hvort þetta framlag nær áætlaðri fjárhæð. Alls nemur áætlað framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs á þessu ári því 942 millj. kr.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpinu er því áætlað að framlög ríkisins á næsta ári lækki um 80 millj. kr. frá þessu ári (eða 115 millj. kr. ef miðað er við fjárlagaupphæðina). Er það í fyrsta skipti í sögunni sem ríkisframlög til Jöfnunarsjóðs lækka í krónutölu frá fyrra ári þrátt fyrir (17%) verðbólgu.

Heildartekjur ríkisins af söluskatti 1987 eru áætlaðar í fjárlagafrumvarpi 16 250 millj. kr. Ætti því hlutdeild Jöfnunarsjóðs í þessum tekjum að nema 1040 millj. kr., þ.e. 8% af 20 söluskattstigum (en söluskatturinn er nú 25%) samkvæmt gildandi ákvæðum tekjustofnala og söluskattslaga. Skerðingin á söluskattshlutanum er því alls 317,5 millj. kr. og til viðbótar bætist lækkun á tolltekjuhlotanum.

**Hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í sölskatti og aðflutningsgjöldum 1981–1986**  
**skv. fjárlögum og ríkisreikningi.**  
**(Allar tölur í millj. kr.)**

Ár	Hlutdeild í sölskatti:		Hlutdeild í aðflutningsgjöldum		Samtals		Niðurstöðutölur Ríkisreikn.		Jöfnunarsj., framlög af ríkis-tekjum	Skerðing sölskatts- hluta (m.kr. á verðlagi hvers árs)		
	Fjárlög m.kr.	Reikn. m.kr.	Fjárlög m.kr.	Reikn. m.kr.	Fjárlög m.kr.	hækkun frá fyrra ári	m.kr.	hækkun frá fyrra ári				
1981	140	164	33	41	173	60%	205	—	5 514	6 304	59%	3,2%
1982	205	264	50	63	255	46%	327	61%	7 967	10 328	63%	3,1%
1983	335	435	79	93	414	62%	528	60%	13 007	17 716	73%	3,0%
1984	495 <sup>1)</sup>	495 <sup>1)</sup>	100	100	595	40%	595	13%	18 283	22 087	34%	2,7%
1985	635 <sup>1)</sup>	635 <sup>1)</sup>	160	160 <sup>2)</sup>	795	33%	—	—	26 078	—	—	2,8%
1986	805 <sup>3)</sup>	—	172 <sup>4)</sup>	—	977	23%	—	—	37 691 <sup>4)</sup>	—	—	2,6 <sup>4)</sup>
1987	722 <sup>3)</sup>	—	140 <sup>3)</sup>	—	862	-13%	—	—	41 584 <sup>3)</sup>	—	—	2,07

1) Hlutdeild í sölskatti bundin við fjárlagatölu skv. lánsfjárlögum.

2) Fjárlagatala.

3) Skv. frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

4) Skv. fjárlögum 1986.

Áætluð framlög ríkis til Jöfnunarsjóðs 1987 nema liðlega 2% af ríkistekjunum. Árið 1960 námu hliðstæð framlög 4,6% og allt til ársins 1983 var þessi hlutdeild rúmlega 3% af ríkistekjum.

Í athugasemdum með fjárlagafrumvarpi segir m.a.:

„Nú hefur verið ákveðið að lækka hlut Jöfnunarsjóðs sérstaklega í heildarsöluskattstekjum um 130 millj. kr. á næsta ári.“

Í þessu sambandi er rétt að vitna í framsöguræðu fjármálaráðherra fyrir fjárlagafrumvarpinu á Alþingi 30. október s.l. en þá sagði hann m.a.

„Í fjárlagafrumvarpinu er að vanda gert ráð fyrir skerðingu á framlögum til ýmissa þátta og er leitað heimilda til slíkra skerðinga í frv. til lánsfjárlaga þar sem þess gerist þörf. Stærsta atriðið í þessu sambandi er skerðing á hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í tekjum af söluskatti, en gert er ráð fyrir að þær tekjur, sem ríkissjóður fær með þessum hætti umfram skerðingu síðasta árs, renni til að kosta akstur skólabarna. Um þennan lið er það að segja að þessi háttur mun aðeins hafður á þar til komin er skýr niðurstaða varðandi framtíðarskipan á þessum kostnaði sem langeðlilegast er að sveitarfélögin sjálf standi undir eftir megni.“

Í framangreindum ummælum fjármálaráðherra kemur skýlaust fram að tekjur Jöfnunarsjóðs hafi verið skertar á þessu ári og svo verði gert á því næsta og til viðbótar komi 130 millj. kr. skerðing vegna kostnaðar ríkissjóðs við akstur skólabarna sem ríkissjóði ber að óbreyttum lögum og reglugerðum að greiða.

Enginn dregur í efa að Alþingi fer bæði með löggjafarvaldið og fjárveitingavaldið, en hitt kemur mörgum spánskt fyrir sjónir að fjárveitingavaldið skuli brjóta gildandi lög (grunnskólalög) með því að taka fé af framlagi til Jöfnunarsjóðs til að greiða skólaakstur sem ríkinu ber að greiða samkvæmt gildandi lögum.

#### *Mótmæli sambandsstjórnar.*

Á stjórnarfundum Sambands ísl. sveitarfélaga 24. f.m. var gerð svofelld samþykkt:

„Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mótmælir harðlega þeirri skerðingu á lögbundnum framlögum ríkisins til sveitarfélaga sem gerð er tillaga um í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1987.“

Í frumvarpinu er gerð enn ein atlagan að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga þar sem um er að ræða 300–400 millj. kr. skerðingu á því fé sem renna á til sjóðsins samkvæmt lögum. Þar á meðal er nú gert ráð fyrir að 130 millj. kr. af hlut ríkisins í skólaakstri o.fl. greiðist með samsvarandi frádrætti frá tekjum Jöfnunarsjóðs.

Stjórnin skorar á ríkisstjórn og Alþingi að taka framangreindar tillögur til endurskoðunar og minnir á það að stefna fjárlagafrumvarpsins gengur þvert á yfirlýsta stefnu ríkisstjórnar og einstakra stjórnmalaflokka um afstöðu ríkisvaldsins til sveitarfélaganna.“

Þessi samþykkt var send fjárveitinganefnd, Alþingi og ríkisstjórn jafnframt því sem hún var send fjölmiðlum, þótt fæstir þeirra hafi séð ástæðu til að geta hennar. Jafnframt sendi sambandið ályktun þessa ásamt greinargerð til allra sveitarstjórna og landshlutasamtaka með ósk um að þau tækju undir mótmæli sambandsins og beittu sér fyrir því að leiðrétting fengist. Verður að vænta þess að fjárveitinganefnd og Alþingi sjái sóma sinn í því að leggja Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til það fé sem lög mæla fyrir um og stuðli þar með að því að sveitarfélögin í landinu geti gegnt sínum mikilvægu verkefnum.“

Við umræður í nefndinni kom fram að aðilar vinnumarkaðarins væru sammála um að allar verðlagsforsendur kjarasamninganna séu í hættu vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í peningamálum. Þar kom einnig fram að starfsmenn Þjóðhagsstofnunar telja að hækka ætti skatta við þær aðstæður sem fram undan eru, en undirritaður hefur flutt fjölda tillagna um hækkan skatta á fyrirtæki á Alþingi á síðustu dögum.



Gagnrýna ber sérstaklega loðnar og óskýrar heimildir í frumvarpi þessu eins og varðandi hitaveiturnar og vanda þeirra.

Fram kom á fundum nefndarinnar að veruleg vaxtahækkun er yfirvofandi á næsta ári vegna halla ríkissjóðs.

Fulltrúar Seðlabankans töldu að áætlanir Þjóðhagsstofnunar um verðlagsþróun á næsta ári væru of lágar, aðalhogfræðingur Seðlabankans nefndi tölur um verðbólgu á næsta ári sem eru langt umfram tölur Þjóðhagsstofnunar. Verulegar áhyggjur komu fram varðandi fjármögnunarfyrirtækin.

Í nefndinni kom fram að byggingarsjóðina vantar mörg hundruð millj. kr. á næsta ári til þess að ná saman endum.

#### **Ekki króna í erlend lán.**

Að lokum skal hér bent á leiðir til þess að koma í veg fyrir að erlendar lántökur aukist um krónu á næsta ári:

1. Sjálfsagt er að auka hlut bankakerfisins í verðbréfakaupum til að afla fjár samkvæmt lánsfjáráætlun. Þar má ná aukalega 300–400 millj. kr.
2. Sjálfsagt er — og efnahagslega skynsamlegt að mati Þjóðhagsstofnunar — að auka skatta á fyrirtæki. Alþýðubandalagið hefur flutt tillögur um þetta efni sem geta skilað að minnsta kosti 2000 millj. kr.
3. Við núverandi aðstæður er eðlilegt að fela fjármálaráðherra að stuðla að sparnaði í yfirstjórn ríkisins og ríkisstofnana. Er ekki ofverkið hans að ná þar saman 300 millj. kr. sem er langt innan við 1% af öllum ríkisútgjöldunum.
4. Sjálfsagt er að draga úr heimildum einkaaðila til erlendrar lántöku við ríkjandi aðstæður en þær nema alls á næsta ári samkvæmt áætlunum um 4,1 milljarði króna.

Með þessu móti er auðvelt að koma erlendum lántökum niður í 6300 millj. kr. þannig að afborganir og lán standist á og erlend lán aukist ekki um eina krónu á næsta ári.

Alþingi, 18. des. 1986.

Svavar Gestsson.

## Fylgiskjal I.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun:  
**Heildarlántökur opinberra aðila á árinu 1986.**  
(Svar við fyrirspurn Svavars Gestssonar.)

	Lánsfjár- áætlun 1986	Horfur 1986
Opinberir aðilar:		
Erlend lántaka .....	3 240	5 590 <sup>*)</sup>
Innlend lántaka .....	3 575	3 575
Samtals .....	6 815	9 165

\*) Þar af runnu 916 m.kr. til að greiða Seðlabanka skammtímalán frá árinu 1985 sem tekið var á því ári til að mæta halla ríkissjóðs.

## Fylgiskjal II.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun  
28. október 1986.

Til fjárveitinganefndar Alþingis.

**Yfirlit um framlög til ýmissa sjóða á árinu 1987 skv. fjárlagafrumvarpi  
og hver þau ættu að vera ef ákvæðum laga væri fylgt.**  
(Svör við ýmsum fyrirspurnum um fjárlagafrumvarp 1987.)

	Framlög skv. lögum	Fjárlaga- frumvarp 1987
Félagsheimilásjóður .....	34 835	12 000
Fiskveiðasjóður .....	350	—
Jarðasjóður .....	120	2 000
Stofnlánadeild landbúnaðarins .....	127 000	—
* Lífeyrissjóður bænda .....	—	22 200
Iðnlánasjóður .....	43 000	25 000
Bjargráðasjóður .....	31 600	—
* harðærslán .....	—	4 700
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands .....	250	—
Hafnabótasjóður .....	24 000	15 000
Byggingarsjóður ríkisins .....	—	1 000 000
Byggingarsjóður verkamanna .....	—	300 000
Framkvæmdasjóður fatlaðra .....	102 000	52 000
* Erfðafjárjóður .....	48 000	48 000
Framkvæmdasjóður aldraðra .....	115 000	115 000
Kvikmyndasjóður .....	60 600	55 000
Menningsjóður .....	6 500	7 900
Húsfriðunarsjóður .....	2 268	1 650
Ferðamál skv. 8. gr. laga nr. 79/1985 .....	46 218	15 000
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, söluskattur .....	1 040 000	722 500
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, aðflutningsgjöld .....	140 000	140 000
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	427 800	427 788